

REGLUGERÐ

um húsafriðunarsjóð.

1. gr.

Húsafriðunarsjóður skal stuðla að varðveislu og viðhaldi húsa og annarra mannvirkja sem húsafriðunarnefnd telur hafa menningarsögulegt og listrænt gildi. Framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga sbr. 46. gr. þjóðminjalaga skulu renna í sjóðinn fyrir maímánuð ár hvert. Varsla og reikningshald húsafriðunarsjóðs skal vera í höndum Landsbanka Íslands samkvæmt samkomulagi sem menntamálaráðuneytið gerir við bankann þar að lútandi.

2. gr.

Húsafriðunarnefnd úthlutar styrkjum úr húsafriðunarsjóði til áætlunargerðar vegna viðgerða húsa og til viðgerða húsa, sem hún metur styrkhæf. Þá getur nefndin ákveðið að verja fé til verkefna er stuðla að varðveislu íslensks byggingararfs, til rannsókna á honum og útgáfu rita þar að lútandi. Úthlutun styrkja skal að öðru jöfnu ákveðin í mars ár hvert á grundvelli umsókna, sbr. 3. gr.

3. gr.

Auglýsa skal í nóvembermánuði ár hvert eftir umsóknum til húsafriðunarsjóðs í dagblöðum, Lögbirtingablaði og Sveitarstjórnarmálum. Umsóknir skulu greinilega bera með sér til hvers og hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum og skulu vera á sérstökum umsóknareyðublöðum sem húsafriðunarnefnd lætur í té og berast eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.

Með umsóknum til áætlunargerðar skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar:

- a. Uppdrættir, ef til eru.
- b. Sögulegar upplýsingar og lýsingar á núverandi ástandi.
- c. Ljósmyndir sem sýna útlit húss fyrr, ef til eru.
- d. Ljósmyndir sem sýna útlit húss nú.
- e. Fyrirhugaðar breytingar, ef einhverjar eru.

Með umsóknum til viðgerða húsa skulu enn fremur fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar:

- f. Lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum.
- g. Uppmælingar og teikningar af breytingum, ef ráðgerðar eru.
- h. Teikningar sem sýna smíðaðfrágang glugga, klæðningar o.fl.
- i. Kostnaðaráætlun um fyrirhugaðar framkvæmdir.

4. gr.

Húsafriðunarnefnd hefur eftirlit með að þær framkvæmdir sem hún styrkir séu viðunandi af hendi leystar. Varðar styrkmissi ef á slíkt brestur. Húsafriðunarnefnd skal hafa aðgang að kostnaðarreikningum í sambandi við framkvæmdir sem hún fjallar um. Einnig skal nefndin eða starfsmaður hennar eiga greiðan aðgang að vinnustað á meðan viðgerð fer fram.

5. gr.

Húsafriðunarnefnd skal láta menntamálaráðuneytinu, þjóðminjaráði og Sambandi íslenskra sveitarfélaga í té yfirlit yfir greiðslur úr sjóðnum fyrir lok hvers árs. Starfsskýrsla húsafriðunarnefndar og húsverndardeildar með yfirliti yfir úthlutanir úr húsafriðunarsjóði skal birt í ársskýrslu þjóðminjaráðs.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 48. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 og öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur reglugerð nr. 316/1990 úr gildi.

Menntamálaráðuneytið, 17. nóvember 1993.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.